

Kristín Einarsdóttir

24. maí 1992.

## Atvinnumál kvenna og EES

Fjölmargar konur í Vestur-Evrópu og samtök þeirra hafa sett spurningamerki við þær breytingar sem nú eiga sér stað um alla álfuna. Er líklegt að sú stefna og hugmyndafræði, sem lögð er til grundvallar í EB og EES, sé til hagsbóta fyrir konur? Eða er e.t.v. eins líklegt að hagur þeirra sé fyrir borð borinn?

Þættir sem geta snert konur sérstaklega varðandi EES:

Tilfærsla vinnuafls.

- \* eiga erfiðara að leita vinnu um langan veg vegna fjölskylduaðstæðna (bundnari börnum og foreldrum)
- \* taka meira tillit til þess að börn eiga erfitt með að flytjast oft milli skóla
- \* atvinnuþátttaka kvenna hér á landi meiri en í EB

Atvinnuleysi.

- \* verulegt í EB, meira hjá konum (12% að meðaltali hjá konum, 7% hjá körlum), hér á landi 2,7% atv.leysi
- \* í atv.leysi aukinn þrýstingur á konur að vera heima
- \* fyrr ýtt út af vinnumarkaði þegar þrengir að (fyrirvinnuhugtakið lífseigt)
- \* samdráttur í þjónustustörfum á landsbyggðasvæðum og þar með flutningur á kvennastörfum til stórra þéttbýlisstaða

Hlutastörf og tímabundin vinna

- \* í vaxandi mæli hlutskipti kvenna innan EB (70-92%)
- \* réttleysi og óöryggi, ekki sömu réttindi og gilda hér á landi.

Launamunur

- \* konur með 60% af launum karla á Íslandi og í EB (Danmörk undanskilin)
- \* launajafnréttisákvæði jafn haldlaust í EB og hér á landi
- \* veik verkalýðshreyfing innan EB, aðeins 20% launamanna í verkalýðsfél. Gæti leitt til aukins kynbundins launamunar.
- \* einstaklingssamningar í stað heildarkjarasamninga.
- \* 14 vikna lágmarks fæðingarorlof innan EB, margar óttast að muni leiða til styttingar í þeim löndum þar sem það er lengra.

Velferðarkerfið

- \* veikara í flestum EB-ríkjum
- \* samræming á samkeppnisstöðu lækkar skatta á fyrirtækjum
- \* kröfur um samræmingu skatta gæti leitt til enn frekari samdr. í opinberri þjónustu, bitnar harðar á konum

Fjárfestingar og frjálsir fjármagnsflutningar koma fæstum konum til góða þar sem þær hafa sjaldan yfir fjármunum að ráða. Mun eitt atvinnu- og efnahagssvæði, EES, leiða til þess að konur eigi enn erfiðar með að ná rétti sínum með tilliti til þess að á meirihluta svæðisins er staða þeirra enn veikari en hér á landi?